

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1966 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Nr. 98.

10. september 1966.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 10. september 1966.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 99.

1. október 1966.

AUGLÝSING

um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gærkvöldi úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 1. október 1966.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 100.

15. desember 1966.

FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 87. löggjafarþings, frá 17. desember 1966 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvætt til fundar á ný eigi síðar en 1. febrúar 1967.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.